

Reykjavík  
30.11.90Menntamálanefnd efri deildar  
Alþingi Íslendinga  
Þorsteinn Magnússon, nefndarritari

Alþingi

Erindi nr. P 971/13

komudagur 30/11/1990

Samkvæmt beiðni yðar dags. 8. nóvember, 1990, varðandi umsögn um frumvarp til laga um Samskiptamiðstöð heyrnarláusra og heyrnarskertra, viljum við gera eftirfarandi athugasemdir:

## I. KAFLI


1. gr. Þörf fyrir slíka þjónustu hlýtur að teljast ótvíræð.
2. gr. Engar athugasemdir.

## II. KAFLI


3. gr. Stjórnin virðist óþarflega þunglamalega saman sett og hlýtur að teljast óþénugt að að henni standi þrjú ráðuneyti. Sennilega dygði vel þriggja manna stjórn, þá hugsanlega með einn fulltrúa tilnefndan af menntamálaráðherra, annan af Félagi heyrnarláusra og þann þriðja e.t.v. af samtökum táknaðskennara.
4. gr., 5. gr. og 6. gr. Efnislega getum við verið sammála innihaldi þessara greina. Það er engu að síður nokkuð kaldhæðnislegt að hvetja til slíkrar fjárveitingar og sitja um leið í fyrirsvari fyrir stofnun sem árum saman hefur búið við slíkt fjársvelli að hún hefur á ýmsum sviðum ekki getað starfað samkvæmt eigin lögum. Á undanförunum 10 árum telst okkur til að fæðst hafi u.þ.b. 22 einstaklingar sem þarfnast munu þjónustu fyrirhugaðrar samskiptamiðstöðvar. Vissulega er þörf þessa hóps fyrir umfangsmika og jafnframt því dýra þjónustu mikil, og enginn efast um að tilurð miðstöðvarinnar eigi eftir að tryggja þeim betri framtíð. Til þessa hafa heyrnarláusir búið við mjög skarðan hlut í þjóðfélaginu, og er því hægt að telja fyrirhugaða samskiptamiðstöð til mannréttinda. Hinsvegar er erfitt að komast hjá þeirri hugsun að heyrnarskertir mega margir sætta slg við undirmálsþjónustu, og má með góðum rökum sýna fram á þjóðhagslegt gildi verulega aukinna fjárveitinga til að sinna þörfum þess stóra hóps.

Sé frekari upplýsinga eða umsagnar óskað mun að sjálfsögðu ekki á okkur standa.

Virðingarfyllst,



Einar Sindrason, yfirlæknir



Gylli Baldursson, yfirdeildarstjóri